



FERLAUFUNGUR

Fréttabréf flóruvina

Áhugamannahóps um verndun og rannsóknir á íslensku flórinni

Dagur hinna villtu blóma 14. júní 2009

Enn einu sinni er fyrirhugað að bjóða upp á dag hinna villtu blóma, að þessu sinni sunnudaginn 14. júní árið 2009. Þetta er í 6. skipti sem dagurinn er haldinn á Íslandi, en Ísland varð síðast Norðurlandanna að taka upp þennan samnorrena dag árið 2004. Á þessum fimm árum hefur verið boðið upp á 70 plöntuskoðunarferðir vítt og breitt um landið og hafa alls 568 gestir sótt sér þangað fræðslu um plönturnar sem vaxa í kringum okkur. Flestar voru ferðirnar 18 sem boðið var upp á árið 2005, en þátttakan var mest árið 2008, eða 144 manns.

Ég vil hvetja alla þá leiðbeinendur, sem eru reiðubúnir að taka að sér leiðsögn í ár, að láta vita af sér sem fyrst í netfangið hkris@nett.is, og helst ekki síðar en 20. maí svo að þær fréttatilkynningar sem birtar verða til kynningar deginum nái sem flestum með. Upplýsingar þurfa að fylgja um hvar þátttakendur eigi að mæta og hvenær svo og nafn leiðbeinanda. Þær verða síðan birtar á vefsíðunni www.floraislands.is og má jafnframt vísa á þá vefsíðu í auglýsingum. Þar er einnig að finna nánari upplýsingar um daginn.

Eins og áður er gert ráð fyrir að leiðsögnin standi í tvo tíma, en tímasetning getur verið mismunandi eftir því hvað best hentar á hverjum stað.

Starfsemi flóruvina

Starf flóruvina við rannsóknir á útbreiðslu hinna ýmsu tegunda íslensku flórunnar þokast sífellt áfram, þótt hægt fari. Á hverju ári senda nokkrir þeirra gögn til að bæta í gagnagrunninn, þótt ekki sé það stór hluti af þeim 180 manna hópi sem eru skrá. Það er kannske ástæða til að áréttta það, að allar skráningar í óskráða eða illa skráða reiti eru vel þegnar, hvort sem plönturnar eru algengar eða sjaldgæfar.

Ég vil jafnframt minna á, að á flóruvefsíðunni má finna lista yfir alla óskráða 5 x 5 km reiti á landinu, samtals um 1840 reiti af ca. 5000. Hlekk inn á þennan lista má finna á síðunni www.floraislands.is/reitakerfi.htm. Einnig er þar hlekkur inn á lista yfir fjölda skráðra tegunda í þeim reitum sem skráðir hafa verið. Þar má finna marga reiti með örfáum tegundum, sem auðvelt er að bæta við. En til þess að menn geti glöggvað sig betur á 5 x 5 km reitakerfinu sjálfu og númerakerfi þess, mæli ég með að setja kerfið upp á kortadiski Landmælinga Íslands samkvæmt leiðbeiningum í Ferlaufungi árg. 2007, eða á flóruvefsíðunni. Ef menn eiga GPS-tæki fyrir gönguferðina má einnig stilla það á "Icelandic Grid" og þá geta menn lesið af tækinu hvar þeir eru staddir miðað við reitakerfið.

Hins vegar hefur aðgengi að reitakerfinu á kortaskjá Landmælinganna oft verið vandkvæðum bundið. Þar á bæ hafa menn enn ekki staðið sig nógu vel í að gera reitakerfið aðgengilegt almenningi eða prenta það á kortin.

Helstu fréttir af starfinu á síðasta ári tengjast einkum rannsóknum á jarðhitasvæðum sem unnar voru á Náttúrufræðistofnun og stjórnad af Ásrúnu Elmarsdóttur. Skoðuð voru ýmis jarðhitasvæði sem ekki höfðu verið skoðuð áður, og fundust nokkrar jarðhitaplöntur, meðal annarra naðurtunga, grámygla og dvergtungljurt á nýjum fundarstöðum. Einkum voru það svæðin umhverfis Torfajökul sem voru gjöful, en einnig fannst naðurtunga á nokkrum stöðum í Vonarskarði.

Einar Þorleifsson fuglaverndarmaður hefur lengi verið ötull við að senda inn nýjungar um fundarstaði plantna. Á síðastliðnu ári fann hann giljaflækju á nýjum stað við Kirkjubæjarklaustur, og munkahettu í grennd við Vík í Mýrdal.

Ólafur Arnar Jónsson tilkynnti um fund ferlaufungs í hrauninu vestan við Eldborg á Mýrum, og er það nýr fundarstaður. Áður var vitað um hann í Hreðavatnshólma og við Gljúfurá í Borgarfirði.

Þá rakst sá er þetta ritar á hrisastör í mynni Skjaldfannardals við Djúp á nýjum stað norðan Selár. Þar óx aðeins einn toppur á þúfu niðri í gömlum skurði. Fundarstaðurinn bendir óneitanlega til þess að störin muni vaxa einhvers staðar í deigu mólendi í nágrenninu, þótt ekki hafi fundist meira af henni í þetta skipti. Áður hefur hún sést hinum megin í dalnum á Laugalandi.

Flæðaskurfa og mosaburkni

Í síðasta hefti Ferlaufungs var greint frá því að flæðaskurfa (flæðarbúi, *Spergularia salina*) hefði ekki sést á Íslandi síðustu árin. Sumarið 2008 stóð ég fyrir leiðangri út í Purkey með aðstoð Róberts Stefánssonar á Náttúrustofu Vesturlands. Erindið var að ganga úr skugga um hvort flæðarbúinn væri þar enn til staðar, en Ingólfur Davíðsson fann hann þar árið 1942.

Það kom í ljós að flæðarbúinn lifir góðu lífi á töluverðu svæði í flæðarmáli eyjunnar. Hann



1. mynd. Flæðaskurfa í fjöru Purkeyjar.

vex í leirkenndum eða sendnum jarðvegi, oft innan um upprekið þang. Flæðaskurfan hefur striklaga, þykk blöð eins og algengt er um fjörujurtir, og hvít, stjörnulaga blóm (1.mynd). Sums staðar voru stakar plöntur á stanglí, en annars staðar þéttar breiður. Flæðaskurfan er einær, og byggir því afkomu sína á að geta sáð sér út á hverju ári og borist um nærliggjandi fjöru.

Einnig var gerður út leiðangur sama sumar í Deildarárgil í Mýrdal til að leita að mosaburknanum. Fékk ég Eyþór Einarsson, grasafræðing í lið með mér, en hann hafði á sínum tíma tekið mynd af fundarstaðnum. Með henni var auðvelt að átta sig á hvar vaxtarstaður burknans hafði verið. Við leituðum samviskusamlega hátt og lágt á þeim steini, þar sem mest var áður af burknanum. En enginn vottur fannst af honum, enda staðurinn þétt gróinn af mosum.

Áður en lauk fannst þó vottur af mosaburknanum á öðrum steini, lítið eitt innar í gilinu. Á þeim stað fannst þó aðeins ein, vesæl planta og var ekki annað að sjá en burkninn væri við það að veslast upp og hverfa af vaxtarstaðnum. Mosaburkninn gæti því verið að hverfa úr íslensku flórunni aftur, nema hægt verði að finna meira af honum innar í gilinu, eða annars staðar í nágrenninu. Gilið er mjög stórt en afar ógreiðfært og nóg rými í því af undirlagi sem hentar burknanum og eflaust nægur loftraki. Má því telja nokkrar líkur á að meira kunni að leynast af mosaburknanum þótt ekki sé hægt að staðfesta það eins og er.

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Borgum við Norðurslóð Pósthólf 180 602 Akureyri Sími 460 0500 Bréfasími 460 0501
Hlemmi 3 Pósthólf 5320 125 Reykjavík Sími 590 0500 Bréfasími 590 0595



© Náttúrufræðistofnun Íslands Ábm. Hörður Kristinnsson Netfang: hkris@ni.is